

Þriðjudaginn 19. nóvember 1991.

Nr. 437/1991. **Ragnar Svafarsson**

gegn

Elisabetu Beck Svafarsdóttur.

Kærumál. Gagnaöflun í skiptamáli. Dómarar. Lögmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. október sl. með heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur frá 17. október 1991 verði felldur úr gildi. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðila.

Frá öðrum aðilum að búskiptunum hafa ekki borist kröfur eða greinargerðir.

Skiptaráðandi í málinu, Gréta Baldursdóttir, settur borgarfégeti, hefur gert grein fyrir forsendum hins kærða úrskurðar, í samræmi við 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 238. gr. sömu laga.

Hinn kærði úrskurður var án forsendna og hljóðar svo:

„Skiptaráðandi fellst á þá kröfu að gefa Tómasi Gunnarssyni hrl. heimild til að kanna bankaviðskipti Sigurðar Svafars Steindórs-sonar, kt. 080215-4799, síðustu sex árin.“

I.

Faðir málsaðila, Sigurður Svafar Steindórsson, f. 8. febrúar 1915, til heimilis að Torfufelli 32 í Reykjavík, andaðist hinn 15. ágúst 1991. Við andlátið sat hann í óskiptu búi eftir síðari eiginkonu sína, móður sóknaraðila, samkvæmt leyfi frá 24. janúar 1984. Erfingjar Sigurðar Svafars eru fjögur uppkomin börn hans.

Með bréfi, sem barst skiptaráðanda 2. september sl., fór varnaraðili þess á leit, að dánarbú föður síns yrði tekið til opinberra skipta í skiptarétti Reykjavíkur. Haldið var þing í dómsal réttarins 17. október sl. til að byrja uppskrift á búinu. Voru þar taldar fram

eignir þess, þ.e. fasteignin Torfufell 32, bifreið, innbú og innstæður í Búnaðarbanka Íslands. Fært var og til bókar, að ekki væri kunnugt um neinar skuldir. Málsaðilar voru bæði viðstödd þetta þinghald, og var Tómas Gunnarsson hæstaréttarlögmaður mættur ásamt varnaraðila, en Kristín Norðfjörð héraðsdómslögmaður með sóknaraðila.

Í þinghaldinu fór lögmaður varnaraðila þess á leit fyrir hennar hönd, að skiptaráðandi kannaði bankaviðskipti hins látna síðustu sex árin, en lögmaður sóknaraðila andmælti þeirri ráðstöfun. Kvað skiptaráðandi þá upp hinn kærða úrskurð.

II.

Um forsendur að hinum kærða úrskurði segir svo í athugasemdum skiptaráðanda:

„Í þinghaldi þessu fór Tómas Gunnarsson hrl. þess á leit, að skiptaráðandi kannaði bankaviðskipti hins látna síðustu sex árin. Án þess að það væri sérstaklega bókað, kvaðst skiptaráðandi ekki telja efni standa til að verða við þessari beiðni. Fóru í kjölfarið fram umræður um þessa kröfu, sem voru ekki heldur bókaðar sérstaklega, og lýsti skiptaráðandi þeirri skoðun sinni, að ef Tómas Gunnarsson hrl. teldi sig þurfa á slíkum gögnum að halda, kæmi til greina að veita honum heimild skiptaráðanda til að óska sjálfur eftir gögnum um bankaviðskipti hins látna undanfarin sex ár hjá viðkomandi bankastofnunum. Þessu mótmælti Kristín Norðfjörð hdl. Tómas Gunnarsson hrl. krafðist úrskurðar réttarins um að hann fengi slíka heimild og Kristín Norðfjörð hdl. krafðist þess að þeirri kröfu yrði hafnað og lýstu báðir lögmennirnir viðhorfum sínum til þessa ágreiningsefnis áður en úrskurðurinn var kveðinn upp, en aðrir erfingjar létu þetta ágreiningsefni ekki til sín taka.

Tómas Gunnarsson hrl. kvað gagnaöflun þessa nauðsynlega umbjóðanda sínum til stuðnings kröfugerð, sem hann hygðist setja fram við skipti á dánarbúinu. Kristín Norðfjörð hdl. kvaðst telja að engin lagastoð væri fyrir veitingu slíkrar heimildar sem auk þess væri skiptamedferð í dánarbúinu óviðkomandi.

Skiptaráðandi hefur við opinber skipti dánarbús aðgang að upplýsingum um fjármál látins manns. Um það má m.a. vísa til 19. gr. laga nr. 83/1984. Krafan um að skiptaráðandi kannaði banka- viðskipti Sigurðar Svafars Steindórssonar sl. sex ár var ekki rök-

studd með þeim hætti í umræddu þinghaldi, að skiptaráðandi teldi sér skylt að verða við henni. Hins vegar þykir ekki útilokað að könnun slíkra atriða geti skipt máli fyrir hagsmuni einhvers eða einhverra erfingja og getur það þá í engu skaðað hagsmuni búsins að skiptaráðandi veiti þeim heimild til að óska eftir gögnum í nafni dánarbúsins. Samkvæmt þessu er fallist á kröfugerð Tómasar Gunnarssonar hrl.“

III.

Sóknaraðili telur, að fella beri hinn kærða úrskurð úr gildi fyrir þá sök, að lagaheimild skorti til að heimila einstökum erfingja eða lögmanni hans að kanna málefni á borð við bankaviðskipti hins látna, auk þess sem í því felist röskun á friðhelgi og persónulegum hagsmunum. Jafnframt hafi skiptaráðandi látið í ljós í fyrrgreindu þinghaldi, að ekki væri slík nauðsyn á hinni umræddu könnun, að ástæða væri fyrir hann sjálfan að hlutast til um hana. Verði og ekki séð, að könnunin geti skipt máli fyrir búið eða aðra erfingja en varnaraðila.

Kröfu sína um staðfestingu úrskurðarins byggir varnaraðili á því, að skiptaráðanda sé rétt og skylt að afla sem bestra heimilda um eignir og skuldir dánarbús. Varnaraðili sé meðal erfingja og eigi rétt til upplýsinga um mögulega eign sína og skuldir í búinu. Hafi skiptaréttur ekki heimild til að meina henni að kanna bankaviðskipti hins látna í þessu skyni eða fela lögmanni sínum að vinna að könnun þeirra.

IV.

Í lögum nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum, félagsbúum o.fl. er á því byggt, að skiptaráðandi hafi forræði á dánarbúi, sem tekið er til opinberra skipta. Beri honum að framkvæma öll þau störf, er lúta að meðferð búsins, eins og segir í 30. gr. laganna. Samkvæmt 32. gr. laganna er skiptaráðanda heimilt að neyta aðstoðar annarra við þau störf í þágu búsins, sem hann er ekki að lögum skyldur til að gegna, svo sem við rannsókn á bókum og skjölum og annað, sem þar er getið.

Skiptaráðandi þarf að uppfylla sömu kröfur um hlutleysi og sjálfstæði og dómamar almennt. Þeir, sem hann fær sér til aðstoðar með heimild í 32. gr. skiptalaga, verða að uppfylla sömu kröfur, eftir

Því sem aðstæður krefjast, svo að málsmeðferðin sé sanngjörð. Þar af leiðir, að lögmaður erfingja getur ekki gegn mótmælum annarra erfingja verið dómara til aðstoðar eftir fyrrgreindu lagaákvæði. Um annan lagagrundvöll til að veita lögmanni varnaraðila hina umdeildu heimild er ekki að ræða. Beinn réttur hans til að krefja lána- stofnanir um upplýsingar fyrir umbjóðanda sinn án umboðs frá skiptaráðanda er ekki til úrskurðar í þessu kærumáli.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.